

Efni: Vigrholt - deiliskipulag

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér umhverfisskýrslu, deiliskipulag og uppdrátt deiliskipulags fyrir Vigrholt í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Nefndin vill af því tilefni koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Breiðafjarðarnefnd tekur undir þau sjónarmið að „við skipulag svæðisins verð[i] lögð áhersla á að framtíðaruppbygging taki mið af náttúru og sögu svæðisins og að hönnun bygginga og mannvirkja verði með þeim hætti að þau falli sem best að landslagi, náttúru og staðháttum“ (Arkís, 2024, bls. 1)¹. Mikilvægt er að tryggja ásýnd landslags við verndarsvæði Breiðafjarðar, sem er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Vegna landslagsverndar verndarsvæðis Breiðafjarðar telur Breiðafjarðarnefnd að endurmeta þurfi sjónræn áhrif framkvæmda á landslagið við skipulagssvæðið. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda eru talin óveruleg á landslagið skv. umhverfisskýrslu sem Arkís hefur unnið². Svæðið er að hluta til þakið náttúrulegum skógi, sem verður fyrir verulegum breytingum og auk þess eru lóðir skráðar þétt meðfram strandlínu Breiðafjarðar þar sem hótélbygging og frístundahús munu rísa. Þó að lóðir fyrir frístundabyggð eru áætlaðar stórar, lögð sé áhersla á að mynda ekki þetta byggð húsa og að húsunum verði komið fyrir þannig að þau falli vel að landinu³, verður svæðið fyrir verulegum sjónrænum áhrifum að mati Breiðafjarðarnefndar. Einnig má benda á að skipulagssvæðið er holt sem stendur hærra en næsta nágrenni, sem gerir það að verkum að allar byggingar verða sýnilegri í næsta umhverfi. Breiðafjarðarnefnd telur þar af leiðandi að sjónræn áhrif og áhrif á landslag svæðis séu almennt neikvæð frekar en óveruleg.

Neikvæð áhrif geta líka orðið vegna fyrirhugaðra gönguleiða á svæðinu þó að nefndin sé hlynnt því að gera svæðið aðgengilegra fyrir fótgangandi fólk. Útfærsla gönguleiða er að svo stöddu m.a. áætluð við strandlengju svæðisins. Breiðafjarðarnefnd telur að gæta þurfi náttúru og landslags strandlengjunnar, sem er vernduð samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar. Útfærsla gönguleiða þarf að taka sérstaklega tillit til núverandi fuglalífs og gróðurs á svæðinu. Mikilvægt er að gönguleiðir hafi ekki áhrif á verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Hvað varðar staðsetningu húsa á skipulagssvæðinu undirstrikar Breiðafjarðarnefnd mikilvægi landslagsverndar Breiðafjarðarsvæðisins. Samkvæmt skipulagsuppdrætti eru ekki margar framkvæmdir fyrirhugaðar á byggingarlóðum við strandlínuna en. Breiðafjarðarnefnd telur að landslagsvernd Breiðafjarðar sé best gætt með því að setja skilyrði um að staðsetning bygginga innan lóðamarka sé lengst frá strandlínu til að takmarka áhrif þeirra á landslag verndarsvæðis Breiðafjarðar. Birkiskógurinn innan skipulagssvæðisins, samkvæmt umhverfisskýrslu, fellur „ekki undir sérstaka vernd sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og er ástæða talin vera aldur skógar, sem er

¹ Arkís. (4.6.2024). Stykkishólmur – Umhverfisskýrsla. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Saura 9. Íbúðabyggð, frístundabyggð og verslun og þjónusta á Vigrholti.

² Ibid., bls. 11.

³ Ibid., bls. 5.

metinn 60 til 100 ára. Þar með er skógur hvorki talinn vera gamall samkvæmt lögunum eða vistfræðilega mikilvægur í heildarsamhenginu“⁴, að mati Arkís. Í umsögn sinni, dags. 18. mars 2024, gerði Breiðafjarðarnefnd athugasemd við þessa framsetningu og bað „um nánari skýringar og heimild fyrir því að birkiskógurinn innan skipulagssvæðisins sé ekki talinn falla undir sérstaka vernd laga um náttúruvernd“⁵. Í umhverfisskýrslunni frá 4.6.2024 er þessari spurningu ekki getið en aðeins endurtekið það sem var sett var fram í mars 2024. Fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar hefur því ekki verið svarað og engin frekari rök færð fyrir þessari vafasömu fullyrðingu. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 kveða ekki á um aldursviðmið fyrir mikilvægi birkiskóga og ekki er vitað til að farið hafi fram rannsókn á aldri birkiskógarins á deiliskipulagssvæðinu. Breiðafjarðarnefnd telur því að ákvæði náttúruverndarlaga um vernd birkiskóga eigi við um hluta deiliskipulagssvæðis.

Samkvæmt umhverfisskýrslu hefur verið gengið um svæðið og það skoðað sérstaklega. Í kjölfar þeirrar úttektar var gerð breyting á staðsetningu vega og byggingarreita með það að markmiði að hlífa votlendi og viðkvæmum vistgerðum. Við staðsetningu vega og bygginga er sagt að áhersla verði lögð á að varðveita mýrlendi, viðkvæmar vistgerðir og birkiskóg⁶. Breiðafjarðarnefnd biður um nánari upplýsingar hvað varðar þessa gönguferð um svæðið. Nefndin telur að deiliskipulagið, eins og það er útfært á þessum tíma, muni að öllum líkindum raska mikilvægum vistgerðum á svæðinu þar sem skipulagssvæðið teygir sig yfir allar landvistgerðir þar.

Breiðafjarðarnefnd tekur undir að landeigandi skuli leitast sérstaklega við að lágmarka truflun og /eða neikvæð áhrif sem starfsemi hótels, baðlóns og íbúða- og frístundabyggðar kann að hafa á fugla, fiska og annað lífríki í og við Vigráfjörð, sem tilheyrir verndarsvæði Breiðafjarðar að því leyti sem stendur upp úr sjó á stórstraumsfjöru. Þetta er þó óljóst orðalag og kveða þarf með skýrari hætti á um hvernig það verði gert. Lögbundnir umsagnaraðilar skulu leggja mat á þennan þátt við meðferð starfsleyfisumsóknar.

Í kaflanum „heilsa og öryggi náttúrvá /fráveita“ er fjallað um fráveitumál og tekið fram að ekki verði mengandi áhrif vegna fráveitu. Breiðafjarðarnefnd leggur til að fráveita verði leidd til sjávar utan svæðisins sem er skilgreint sjávarfitjar eða leirur til að tryggja ástand þeirra náttúrulegu svæða sem eru vernduð skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Einnig þarf að tryggja að næringarástand, hitastig og selta þessara búsvæða haldist óbreytt. Því leggst Breiðafjarðarnefnd gegn því að veita heitu eða skólpmenguðu vatni til sjávar á svæðinu.

Að lokum langar Breiðafjarðarnefnd að undirstrika langtímaáhrif sem svæðið verður fyrir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Verndarsvæði Breiðafjarðar, sem liggur innan og við skipulagssvæðið, verður fyrir langtímaáhrifum sem geta haft neikvæðar afleiðingar fyrir verndargildi svæðisins. Tilgreint er í umhverfisskýrslu að áhrif á náttúru verði lágmerkðu á meðan framkvæmdir standa yfir en langtímaáhrif á náttúru, m.a. dýr og gróður, vegna nýtingar manna mun hafa afleiðingar hvað varðar líffræðilega samsetningu svæðisins, þar á meðal varðandi fuglalíf. Þetta hefur verið sýnt fram

⁴ Ibid., bls. 6.

⁵ Breiðafjarðarnefnd. (18. mars 2024). *Umsögn: Vigraholt - breyting á aðalskipulagi*, bls. 2

⁶ Arkís. (4.6.2024). *Stykkishólmur – Umhverfisskýrsla. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Saura 9. Íbúðabyggð, frístundabyggð og verslun og þjónusta á Vigraholti*, bls. 7.

á með íslenskum rannsóknum⁷. Verndarsvæði Breiðafjarðar er verndað bæði vegna náttúru og landslags og telur Breiðafjarðarnefnd að við skipulagstillöguna sé ekki gætt nægilega vel að náttúru svæðisins.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar

⁷ Aldís E. Pálsdóttir, José A. Alves, Jennifer A. Gill, Snæbjörn Pálsson, Verónica Méndez, Tómas G. Gunnarsson. (2024). *Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds*. *Animal Conservation*. <https://zslpublications.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/acv.12938>.